

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

Mál nr. 50/2023

Reykjavík, 20. mars 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025

Northstack, eini sérhæfði og óháði greiningaraðilinn í málefnum nýsköpunar á Íslandi, lýsir yfir ánægju með þá langtímahugsun sem felst í tillögu til þingsályktunar.

Í þingsályktunartillögunni er sett fram sú sýn að “að hugvitið verði stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar” og þannig “vaxa út úr sveiflukenndu efnahagsástandi.” Ekki fylgir þó hvað nákvæmlega það þýðir að *hugvitið sé stærsta útflutningsgrein* og því yrði líklega erfitt að mæla og greina niðurstöðurnar. Ekki verður fjallað um einstakar aðgerðir í þessari umsögn.

Setjum mælikvarða á sýnina

Ekki er alveg ljóst byggt á sýninni, hvaða mælikvarðar séu best til þess fallnir að mæla árangur af aðgerðunum. Mikilvægt er að lykilmælikvarðar séu ákveðnir og hannaðir með sýnina í huga, og aðgerðir ættu að hafa bein eða óbein áhrif á þá. Hægt væri að nota framsetningu á borð við *Objectives & Key Results* til að lýsa markmiðum og helstu mælikvörðum.

Hugvit er auðlind, hugverk er afurð

Sýnin segir að *hugvit* eigi að vera stærsta *útflutningsgrein* þjóðarinnar. Réttara væri að segja að *hugvitið sé auðlindin sem sé grunnurinn að stærstu útflutningsafurð þjóðarinnar: hugverkum*. Hvorki hugvit né hugverk eru atvinnugreinar í sjálfu sér, enda er hægt að finna fyrirtæki sem skapa sér samkeppnisforskot með hugviti og hugverkum í öllum greinum.

Aftur á móti er hægt að auka vægi hugvits (og hugverka) í útflutningi, og þar eru helst þrjár leiðir færar:

- Að auka vægi starfa og verkþátta (e. activities) sem snúa að gerð hugverka**, óháð því hvort hugverkin séu geymd á Ísland eða eign íslenskra félaga. Þjóðarbúið fær greitt fyrir tíma, þ.e. útseld vinnu. Annað hvort verktakafyrirtæki sem sinnir þróunarvinnu, eða dótturfélag þar sem starfsfólk félagsins sinnir þróunarvinnu. Í báðum tilfellum er erlendur aðili að greiða íslenskum aðila fyrir þróunarvinnu.
- Að auka vægi útflutnings (t.d. á vörum, efni, eða þjónustu) þar sem hugverk er mikilvægur hluti vörunnar**. Hugverk eru *óefnisleg verðmæti sem eru búin til með hugviti* (e. intellectual property). Þau verðmæti eiga það sameiginlegt að þau er hægt að

verja með einhverskonar hugverkavernd (t.d. einkaleyfi eða vörumerki) og hafa möguleika á að skapa mikil verðmæti. Hugverkin eru seld, leigð, eða auka virði annara vara. Þjóðarbúið fær greitt fyrir útflutning (á vörum eða þjónustu), þar sem stór ástæða verðmætasköpunar er hugverkið (en ekki efniskostnaður eða framleiðslukostnaður, t.d.)

Einu orði mætti kalla markmiðið því að auka hlutdeild rannsókna, þróunar, hönnunar og sköpunar í verðmætasköpun á Íslandi, þ.e. að fleiri starfi við *þá verkþætti* (e. activity), óháð því hvort útkoman úr því sé að hugverkið verði eftir á Íslandi eða ekki, og að bæði hlutfall og heildartala útflutnings og tekjusköpun sem byggir á hugverki sé aukið.

- **Spurning:** Er sérstök ástæða fyrir því að ekki virðist vera lögð áhersla á að hugverkin verði eftir á Íslandi?


Finum hugverkadrifnar atvinnugreinar Íslendinga

Einkaleyfastofur Bandaríkjanna og Evrópu gefa báðar út skýrslur¹ og greiningar tengdar *Intellectual Property Intensive Industries* (IP Intensive Industries, hér þýtt sem hugverkadrifin atvinnugrein). Þær atvinnugreinar eru skilgreindar sem *hugverkadrifnar* þegar nýting þeirra á hugverkum er yfir meðallagi. Einkaleyfastofur BNA og EU halda utan gera greiningar á þessum atvinnugreinum og eftirsóknarvert væri að gera slíkt hið sama á Íslandi.

Nýtum styrkleika Íslands og vöndum valið

Minnst er á nokkrar samfélagslegar áskoranir og þónokkra iðnaði eða geira sem áhersla er lögð á að dafni. Ísland er lítið og fámennt land, og almennt mjög ólíklegt að hér spretti upp hugverkadrifnir atvinnuvegir, og þeir atvinnuvegir sem hafa náð langt eiga það oft náttúruauðlindum eða öðrum ytri aðstæðum að þakka.² Við munum þurfa mikla nýsköpun og nýja hugsun til að leysa öll þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir, og alveg ljóst að Ísland mun ekki finna upp allar lausnirnar. Ákveðin tækifæri eru í því að greina aðstæður - ytri markaðsaðstæður og styrkleika Íslands - og leggja áherslu á uppbyggingu þar sem líkurnar á að Ísland geti haft mikið til málanna að leggja. Loftslagsmál, sem dæmi, eru mjög breiður flokkur vandamála, og til mikils að vinna ef Ísland verður leiðandi í einhverjum hluta þeirra. En líkurnar á því aukast helst með áherslu á ákveðin mál en ekki öll.

Fyrir hönd Northstack



Kristinn Árni L. Hróbjartsson
Stofnandi og formaður stjórnar

¹ [Skýrsla USPTO](#) | [Skýrsla EUIPO & EPO](#)

² T.d. býr Ísland að framsæknum sjávarútvegi, sem býr til markað fyrir tæknilausnir í hafsækinni starfsemi, sem yfir undir þjálfun starfsfólks í þann iðnað. Ólíklegt er að heil atvinnugrein, tæknilausnir fyrir hafsækna starfsemi (t.d. Marel, Valka, Rafnar, Hefring), hefði orðið til á Ísland væri Ísland staðsett í miðri Evrópu eða ef sjávarútvegur væri óarðbær grein.